

## Fundargerð

161. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 5. mars 2014, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð.**

2. **Undirbúningur að ársreikningi HNE 2013 ásamt kostnaðarskiptingu.**

Kynnt voru gögn vegna vinnu við gerð ársreiknings ásamt kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga vegna s.l. árs. Ársreikningur verður til afgreiðslu á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

3. **Frágangur og vöktun vegna lokunar á urðunarstað Langanesbyggðar.**

Þorkell Björnsson skýrði frá fyrirkomulagi sorpförgunar í Langanesbyggð og frágangi og vöktun vegna lokunar á urðunarstað við Þórshöfn.

4. **Slys í Grunnskólanum á Þórshöfn.**

Þorkell Björnsson skýrði frá slysi á barni í grunnskólanum við Þórshöfn og var rætt um verkferla og aðkomu heilbrigðiseftirlits í slíkum tilvikum og mikilvægi forvarna.

5. **Slys í Jarðböðunum í Mývatnssveit.**

Þorkell Björnsson skýrði frá slysi þar sem erlendur ferðamaður brenndist í Jarðböðunum í Mývatnssveit; rætt var um verkefna og aðkomu heilbrigðiseftirlits og fjallað um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slys sem þessi endurtaki sig.

### Umsagnir:

6. Húsavíkurhöfn og Bakkavegur. Umsögn til Skipulagsstofnunar.
7. Tillaga að breytingu aðalskipulags Norðurlands 2010-2030 vegna breytingu vegtengingar milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðis á Bakka.
8. Breyting aðalskipulags Norðurlands 2010-2030 vegna stækkunar þjónustusvæðis við golfvöll á Húsavík.
9. Tillaga að breytingu aðalskipulags Norðurlands vegna breyttrar vegleгу og nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímstaði.
10. Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis við golfvöll á Húsavík.
11. Tillaga að deiliskipulagi 2. áfanga deiliskipulags iðnaðarsvæðis á Bakka.
12. Deiliskipulag Dettifossvegur-breyting.

Þorkell Björnsson kynnti umsagnir vegna dagskrárliða 6 til 12.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Landsnet hf, kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna spennistöðvar á Rangárvöllum, Akureyri, þ.e. úti tengivirki sem inniheldur olúfyllta aflspenna á steyptri spennapró.

## Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.

2. Norðlenska á Akureyri, kt. 500599-2789, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Norðlenska á Húsavík, kt. 500599-2789, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til 6 mánaða.**

### Önnur mál:

Skýrt var frá deilum í fjöleignarhúsi á Akureyri v/hávaða og rakin forsaga málsins og aðkoma Akureyrarbæjar og heilbrigðiseftirlits.

María Markúsdóttir var tilnefnd í umhverfisgæðahóp Umhverfistofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og jafnframt skýrt frá nýju erindisbréfi vegna þessa.

Þórey Agnarsdóttir var tilnefnd í hollustuháttahóp Umhverfistofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og jafnframt skýrt frá nýju erindisbréfi vegna þessa.

Maríu og Þóreyu var þakkað gott starf í þessum hópum og vilja til áframhaldandi setu í þessum starfshópum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00.

---

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir  
formaður

---

Alfreð Schiöth

---

Sigurjón Jóhannesson

---

Þorkell Björnsson

---

Birna Jóhannesdóttir

---

María Markúsdóttir

---

Steinn Karlsson

---

Jón Torfi Halldórsson

---